

Æskulýðs og íþróttanefnd

46. fundur

miðvikudaginn 12. des 2012 kl.17.30.

Mætt voru : Ingi B Ingason, Helga Sveinsd, Helga Guðm, Davíð Sveins, Vignir Sveins og

Einar Gunnars. Guðfinna Rúnarsd boðaði forföll

1. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar.

Farið var yfir nýja reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum, en þar kemur fram að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi gesta , einnig skal vera til staðar neyðaráætlun og ýmsar merkingar við laugina.

Rætt var um ákvæði hvað varðar 10 ára aldursmörk sem gilda til 1. júní það ár sem barnið verður 10 ára.

Viðhald er alltaf að aukast við íþróttamiðstöðina Vignir telur að það þurfi að auka þá upphæð sem fer til viðhalds á hverju ári.

Helga G spurði um leigutekjur af íþróttahúsinu en þær hafa ekki verið miklar þó mestar í kringum Ben Stiller myndina.

Opnunartími sundlaugar kom vel út í sumar.

Rætt um læsingar og hlið sem verið er að setja upp í sundlauginni, kostnaður og hvað dregist hefur að fá hlutina afgreidda.

Kvenmannsstarfsmann vantar eftir áramót.

Spurt um hlutverk baðvarða (stuðningsfulltrúa) í íþróttahúsinu, Vignir svarar að hann sé ráðinn af íþróttahúsinu.

Mest liggur á að bæta aðgengi fatlaðra og inntöku klórs í húsið, sem er í algjöru ólagi. Þarf eitt handtak til að klór sprautist út um allt.

Rætt um nýjar hurðir þar sem fatlaðir hafa greiðan aðgang um.

2. Félagsmiðstöðin.

Rætt um starfið. Nýr starfsmaður lofar góðu.

3. Önnur mál.

Einar telur að við í nefndinni ættum að taka til athugunar álag á börn okkar, þ.e. þau sem stunda of miklar íþróttir.

Börn sem fara beint á íþróttæfingu eftir skóla, mega þau borða í skólanum fyrir æfingu.

Huga að æfingargjöldum, launum þjálfara, kröfum þeirra um hæfni þ.e. meiri fagmenn.

Gott væri að halda almennan fund með fagmönnum og forsvarsmönnum íþróttafélagsins til að ræða þessi mál.

Fundi slitið.

Helga Guðmunds (sign),

Einar Gunnarsson (sign),

Davíð Sveinsson (sign),

Helga Sveinsd (sign),

Ingi B Ingasson (sign),

Vignir Sveinsson (sign),